

**Nr. 124 / 12 Bíldsey SH 65*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2704  
Smíðaður: Reykjavík 2006 plast  
Stærð: brl. 29,8 bt.  
Mesta lengd: 14,98 m Skráð lengd: 14,48 m  
Breidd: 4,6 m Dýpt: 1,92 m  
Vél: Yanmar 323 kW 2006  
Fjöldi skipverja: 4



Bíldsey©NN

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. nóvember 2012 var Bíldsey SH 65 á línuveiðum á Skagafirði. Veður: Logn

Þegar skipverji lét baujuna fara í upphafi línulagningar varð annar sem sá um færið var við að það hafði ekki verið hnýtt við baujuna. Brást hann snögg við og stormaði fram eftir þilfarinu til að láta skipstjóra vita. Á hlaupunum féll hann um skóflu sem lá þvert í gangveginum og slasaðist á olnboga.

Baujan var tekin inn og haldið til hafnar þar sem slasaða var komið til læknis.

**Við rannsókn kom fram:**

- að baujustangir og belgir eru geymdar, á milli lagna, í skoti aftan við niðurgang í vélarrúmið. Skóflan er að öllu jöfnu geymd í lestinni til að moka ís yfir aflann en daginn áður hafði hún verið notuð ofanþilja og sett í geymslu með baujunum. Þegar fyrsta baujan var tekin úr geymslustaðnum féll skóflan þvers yfir gangveginn og skorðaðist skaftið hinu megin aftan við styrktarstöð og lá hún þar;
- að skipstjórinn sagðist hafa séð skófluna á þilfarinu undir belgjunum skömmu fyrir slysið;
- að skipstjóri sagðist hafa fylgst með þegar baujan var látin fara og séð strax að ekkert var fest við hana og slasaði hefði ekki þurft að hlaupa. Slasaði hefði þess vegna getað kallað því vegalengdir væru stuttar;
- að slasaði hafi brugðið þegar baujan var farin og ekkert verið við hana. Hann hafi því hlaupið til að láta vita en hann hefði getað snúið sér við og

kallað því stýrishúsið var skammt framan við hann. Hann sagðist ekki hafa tekið eftir að skóflan hafði legið yfir gangveginn enda sá hann ekki um baujuna.

*Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.